

Miðvikudaginn 24. maí 1995.

Nr. 135/1994.

**Gleipnir hf.**

(Elvar Örn Unnsteinsson hdl.)

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

**Kjartani Magnússyni**

(Gunnar Jóhann Birgisson hdl.)

(Ólafur Garðarsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp af fulltrúa dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Gildir það jafnt um einkamál sem opinber mál. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

**D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð máls þessa fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Hrafns Bragasonar og**  
**Hjartar Torfasonar**

Við erum samþykkir meiri hluta dómara um skilning á dómi Hæstaréttar í málinu nr. 103/1994. Við erum hins vegar ekki sam-mála öðrum dómendum um áhrif dómsins á meðferð máls þess, sem hér er til úrlausnar.

Mál þetta er einkamál, sem dómarafulltrúi fór með í héraði. Framkvæmdarvaldið kom þar ekki við sögu. Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á ákveðin atvik eða aðstæður, sem fallnar væru til að draga í efa óhlutdrægni hans í deilu aðila, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, og hafa aðilar ekki reynt það. Engin athugasemd kom fram í héraði um hæfi fulltrúans, og verður ekki annað ráðið af málflutningi en aðilar hafi sætt sig við hann sem dómara í málinu. Héraðsdómur var kveðinn upp fyrir uppkvaðningu hæstaréttardóms 18. maí 1995. Það telst til almennra dómaraskilyrða, að staða þess, sem dæmir, samrýmist grunnreglum stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins. Brestur á almennum dómaraskilyrðum þarf ekki almennt að valda ógildi dómsathafnar, til þess þarf meira til að koma. Dómarafulltrúinn, sem kvað upp dóm í máli þessu, hafði löggildingu dómsmálaráðherra til framkvæmdar dómstarfa. Hann gat ekki skortast undan meðferð málsins, enda þótt henn teldi sig skorta almenn skilyrði til að dæma í málinu. Að þessu athuguðu þykir ekki næg ástæða til að ómerkja dóm í málinu án kröfu og vísa því til nýrrar meðferðar í héraði. Þar sem meiri hluti dómenda hefur hins vegar ákveðið að vísa málinu heim ex officio, verður hér ekki tekin afstaða til efnis málsins.

---